



Fatlanir 1A05

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari: Hildur Margrét Einarsdóttir

Netfang: hildur.einarsdottir@borgo.is

Lýsing: Lögð er áhersla á kynningu á ýmis konar líkamlegum og andlegum skerðingum sem leiða til fötlunar. Fjallað verður um ólíkar tegundir skerðinga, einkenni og orsakir. Leitast verður við að skoða hvað samspil mismunandi skerðinga fólks hefur áhrif á, stöðu þess í félags- og efnahagslegu tilliti. Fjallað er um gildi snemmtækrar íhlutunar og mikilvægi greiningar með það að markmiði að bæta lífsgæði fatlaðs fólks og fjölskyldna þeirra. Auk þess er fjallað um hlutverk stuðningsaðila í mótun félagslegrar virkni og þátttöku með hugmyndafræði eðlilegs lífs að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að efla skilning og þekkingu nemenda á margbreytileika mannlegs lífs og virðingu fyrir öllu fólki.

Þekking, leikni, hæfni:

- átti sig á hugtökunum fötlun og skerðing ásamt ýmsum orsökum og einkennum fatlana og skerðinga
- átti sig á að ýmsar hindranir, sem mæta fötluðu fólki, tengjast fremur félagslegum þáttum og hefðum en skertu atgervi þeirra sem búa við fötlun
- öðlist innsýn í áhrif fötlunar á sjálfsmynd einstaklingsins
- öðlist þekkingu á aðstæðum fatlaðra hvað varðar þjálfun, nám, heimili og tólmstundir
- þekki starfsstéttir sem vinna með fötluðum
- kynnist úrræðum og umgengni við fatlaða einstaklinga, t.d. fötlunum á einhverfurófinu, þroskahömlunum, heyrnarleysi, blindu, athygli- og hegðunarröskunum, hreyfihömlunum
- öðlist þekkingu á grundvallaratriðum í vinnu með börnum og fullorðnum með mismunandi fatlanir
- kynnist úrræðum og fræðist um umgengni við börn með geðraskanir
- þekki áhrif fötlunar á nánustu fjölskyldu
- skoði hvaða þætti hann vilji helst bæta eða efla hjá sér sem fagaðila á sviði fatlana
- nota upplýsingatækni til að vera hæfari til þess að mæta á faglegan hátt þörfum einstaklinga með fjölbreyttar skerðingar

Námsmat:

1. Verkefni um skerðingar (fimm verkefni, 1-2 bls. hvert) 45 %
2. Virkni og ástundun: 15 %
3. Heimapróf 15 %
4. Lokaverkefni (ritgerð og kynning) 25 %

Námsgögn: Bók: Þroskahömlun barna. Orsakir, eðli, íhlutun. Ritsjóri: Bryndís Guðmundsdóttir
Efni frá kennara.

Aðrar mikilvægar upplýsingar: Námsáætlunin getur tekið breytingum á önninni en þá aðeins að höfðu samráði við nemendur.

Athugið að notkun síma er bönnuð í kennslustundum.

| Vika | Dags. | Námsþættir | Námsmats- þættir |
|------|--------------------|--|---|
| 33 | 18. ágúst | Kynning á efni áfangans, áhersluatriðum og vinnulagi | <i>Nýnemadagur</i> |
| 34 | 21.-25. ágúst | ADHD | <i>Umræður</i> |
| 35 | 28.ágúst -1. sept. | Þroskahömlun | <i>1. verkefni</i> |
| 36 | 4.-8. sept. | Litningagallar | <i>Umræður</i> |
| 37 | 11.-15. sept. | Einhverfuróf | <i>2. verkefni</i> |
| 38 | 18.-22. sept. | Einhverfuróf | <i>Umræður</i> |
| 39 | 25.-29. sept. | Flogaveiki | <i>3. verkefni</i> |
| 40 | 2.-6. okt. | Hreyfihömlun | <i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i> |
| 41 | 9.-13. okt. | Mál og heyrn - Hópvinna | <i>Hópvinna</i> |
| 42 | 16.-20. okt | Blinda og sjónskerðing | <i>Heimsókn</i> |
| 43 | 23.-25. okt. | Kvíði og þunglyndi barna | <i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i> |
| 44 | 30. okt. - 3. nóv. | Greining | <i>4 .verkefni</i> |
| 45 | 6.-10. nóv. | Snemmtæk íhlutun | <i>Undirb./úrv. Vörðuvika II. - Heimapróf</i> |
| 46 | 13.-17. nóv. | Félagsleg þátttaka og virkni / Leikskólinn, Grunnskólinn | <i>5. verkefni</i> |
| 47 | 20.-24. nóv. | Hlutverk stuðningsaðila | <i>Skil á lokaverkefni</i> |
| 48 | 27. nóv. - 1. des. | Kynning á Lokaverkefnum | <i>Kynning á loka- verkefni</i> |
| 49 | 4.-8. des | Lokamat | <i>Lokamat</i> |
| 50 | 11.-13. des | Einkunnaskil | <i>Síðasti kennsludag- ur</i> |

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.